

# Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

## Stjórnarfundur – fundargerð

Dagsetning: 18. október 2021 kl. 17.00 – 19.10

Staður: Skrifstofa félagsins að Stórhöfða 29 / fjarfundur.

Mætt voru: Friðrik Rafnsson, Snorri Steinn Sigurðsson, Valva Árnadóttir, Harpa Björnsdóttir, Sigrún Pálsdóttir (um fjarfundarbúnað), Jakob S. Jónsson. Sérstakur gestur fundarins var Sonja Kjartansdóttir, bókari félagsins.

Sigrún Pálsdóttir vék af fundi kl. 17.54.

Fjarverandi: Guðný Margrét Emilsdóttir, Hjörtur Howser.

1.	Fundur settur	Formaður setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins.		
2.	Fundargerð síðasta fundar	Fundargerð samþykkt með einni orðalagsbreytingu.	Á	Ritari
3.	Yfirlit yfir fjármál	<p>Sonja, bókari félagsins, gerði grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins, sem hefur batnað milli ára. Gefur það ráðrúm til að auka starfshlutfall starfsmanns á skrifstofu úr 50% í 75%. Sonju var þakkað fyrir hennar framlag og vék hún þar með af fundi.</p> <p>Eftir nokkrar umræður og ítarlega yfirferð var ákveðið að auka tímabundið við starfshlutfall starfsmanns á skrifstofu. Áður en ráðningarsamningur verður endurnýjaður verður gengið frá nýrri starfslýsingu. Stefnt að því að nýr samningur gildi frá 1. nóv. 2021. (SP fer af fundi)</p>	U  Á	  Friðrik Valva
4.	Boðleiðir og samskipti innan félagsins o.fl.	<p>Snorri Steinn hefur tekið saman yfirlit yfir skipurit Leiðsagnar og skýrði það. Rætt var um að dreifa því einnig til trúnaðarráðs til upplýsingar. Í yfirlitinu er gert grein fyrir hlutverkum hinna ýmsu stofnana félagsins.</p> <p>Jakob S. Jónsson lagði fram afsökunarbeiðni vegna orða sinna í lok seinasta fundar. Af því tilefni varð nokkur umræða um andrúmsloft innan félagsins og vill formaður og stjórn hvetja hvern félagsmann til vandaðrar umræðu og framkomu, og gagnkvæmrar virðingar gagnvart skoðunum hvers annars.</p>	U  U	  Snorri
5.	Framboð í trúnaðarstörf	<p>Kallað hefur verið eftir fólki til trúnaðarstarfa meðal félagsmanna og gáfu nokkrir kost á sér. Eins hefur stjórn leitað til ýmissa aðila skv. ábendingum. Nú hvílir á stjórn að skipa fulltrúa sína í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:</p> <p>1) Lagabreytingarnefnd. Stjórn þarf að tilnefna 2 aðila og hefur þegar lagt til Indriða H. Þorláksson, sem</p>	U	

		<p>hefur samþykkt að taka starfið að sér. Er lagt til að ræða við Helga Jóhannesson skv. framkominni tillögu frá Guðnýju Margréti sem mælir með honum vegna lögfræðipækkingar.</p> <p>2) Fagráð. Samþykkt að tala við Gunnhildi Hörpu Hauksdóttur sem gaf kost á sér til trúnaðarstarfa.</p> <p>3) Ritnefnd. Samþykkt að tala við Hávar Sigurjónsson, Guðrúnu Þorkelsdóttur og Kristínu Sætran.</p> <p>4) Fræðslunefnd. Sigrún Pálsdóttir skipuð fulltrúi stjórnar. Samþykkt að kalla fræðslunefnd á fund með formanni og varaformanni vegna samstarfsörðugleika innan nefndarinnar undanfarið.</p> <p>5) Alþjóðanefnd. Ákveðið var að bíða með skipun fulltrúa í Alþjóðanefnd.</p> <p>6) Fagdeild. Ákveðið var að skipa Vilborgu Önnu Björnsdóttur að ósk stjórnar Fagdeildar. (Síðar kom fram athugasemd frá Guðnýju Margréti að það er ekki skv. lögunum, stjórn sjúkrasjóðs var kosin á aðalfundi án íhlutunar stjórnar félagsins.)</p> <p>7) Endurmenntunarsjóður. Harpa Björnsdóttir skipuð fulltrúi stjórnar, en fyrir sitja formaður og gjaldkeri og 2 fulltrúar frá SAF.</p>	<p>Á</p> <p>U</p> <p>U</p> <p>U</p> <p>U</p> <p>Á</p> <p>U</p> <p>U</p> <p>Á</p>	<p>Friðrik</p> <p>Friðrik</p> <p>Friðrik</p> <p>Friðrik</p> <p>Friðrik</p> <p>Snorri</p> <p>Snorri</p>
6.	Reiknivél og könnunarkerfi	<p>Reiknivélin er komin á lokastig og verður tilbúin til kynningar fyrir stjórn í næstu viku. Jakob vill líka kynna hana fyrir SAF, t.d. með tilliti til orlofs, símakostnaðar og dagpeninga sem valkosti.</p> <p>Hægt er að fá tilbúið könnunarkerfi (frá VA Akranesi) og í boði fyrir hagstætt verð. Stefnt að því að skoða könnunarkerfið í samstarfi við Filmís á næstunni.</p>	U	Friðrik Snorri
8.	Afsláttur til félagsmanna	<p>Snorri Steinn gerði grein fyrir stöðu verkefnisins og nefndi að taka þyrfti afstöðu til hvernig notast yrði við félagsskírteini Leiðsagnar í framtíðinni. Hann vinnur áfram að að haldbærri lausn.</p>	U	Snorri
9.	Siðareglur	<p>Frestað til næsta fundar.</p>		
10.	Önnur mál	<p>Harpa spurði fréttu um skýrslu starfshóps Ferðamálaráðuneytis; Jakob hefur reynt að hafa samband við Menntamálaráðuneytið til að kanna hvar skýrslan væri stödd á þeim bæ en ekki fengið svör.</p>	U	Jakob

Fundi slitið 19.10